

# HS Veitur hf.

---

Ársreikningur

---

**2020**

HS Veitur hf.  
Brekustíg 36  
260 Reykjanesbæ  
kt. 431208-0590

---

# HS Veitur hf.

---

Ársreikningur

---

**2020**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2-5
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	6-7
Yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Yfirlit um sjóðstreymi	10
Yfirlit um eigið fé	11
Skýringar	12-29
<b>Óendurskoðuð fylgiskjöl</b>	
Viðauki 1: Stjórnarháttayfirlýsing	30-31
Viðauki 2: Ófjárhagslegar upplýsingar	32-33

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa HS Veitna hf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning HS Veitna hf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð HS Veitum hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt HS Veitum hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2020. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum
<b>Rekstrartekjur</b>	
Flækjustig tekjuskráningar hjá félaginu er umtalsvert m.a. vegna flókinna tölvukerfa og fjölda viðskiptavina. Vegna þessa er eðlisleg áhætta í liðnum sem snýr að nákvæmni og heild í tekjuskráningu félagsins. Því teljum við tekjuskráningu vera megináherslu í endurskoðun okkar.	Við endurskoðun á tekjum höfum við farið yfir það innra eftirlit sem er til staðar hjá félaginu við skráningu á tekjum. Við vorum með tölvu-sérfræðinga í endurskoðunarteyminu til að prófa hönnun, innleiðingu og virkni viðeigandi eftirlitsþátta í tölvukerfi félagsins. Var meðal annars prófað aðgangsstýringar, breytingarstjórnun og sjálvvirkt eftirlit í tekjuskráningarferlinu.
Vísun í skýringu 3 með ársreikningi.	Við höfum prófað tekjuskráningu félagsins með greiningaraðgerðum auk þess að hafa valið úrtak úr tekjuskráningu félagsins. Við höfum einnig valið úrtak úr viðskiptakröfum í árslok og staðfest við greiðslu eftir reikningsskiladag.

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Megináherslur við endurskoðunina (framhald)

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum
<b>Rekstrarfjármunir</b>  Félagið skiptir varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum sínum niður á þrjár sjóðskapandi einingar sem eru heitt vatn, ferskvatn og rafmagn. Bókfært verð þeirra eigna í árslok nemur 27.622 milljónum króna eða 90% af efnahagsreikning félagsins. Eignirnar eru færðar samkvæmt endurmatsaðferð og voru eignirnar endurmetnar í lok árs 2017 og er það mat stjórnenda að ekki eru forsendur til frekara endurmats á árinu 2020.  Virði rekstrarfjármunana er því háð mati stjórnenda á rekstri undirliggjandi sjóðskapandi eininga næstu árin auk fjárfestingaþarfar. Þar sem rekstrarfjármunir eru mjög sérhæfðir og stærsta eign félagsins teljum við virðismat þeirra vera megináherslu við endurskoðun okkar.  Að því er varðar mat á virði rekstrarfjármuna vísum við í skýringu 13 um rekstrarfjármuni og skýringu 3 um mikilvægar reikningskilaaðferðir.	Í endurskoðun okkar fórum við ásamt sérfræðingi í verðmati yfir sjóðstreymislíkan félagsins sem er til grundvallar á mati stjórnenda á rekstrarvirði rekstrarfjármuna í árslok 2020. Við fórum yfir aðferðarfræðina sem beitt er við sjóðstreymislíkanið og hvort breytingar hafi orðið á henni milli ára. Jafnframt fórum við yfir helstu forsendur stjórnenda m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>Áætlanir sem þeir byggja á við útreikninga í virðisrýrnunarprófinu.</li><li>Hver vegin meðalardæmi (WACC) er og með hvaða hætti hún er reiknuð og forsendur útreikninganna.</li></ul> Við fórum yfir hvort útreikningar í sjóðstreymislíkaninu væru unnir í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla og einnig lögðum við mat á hvort að skýringar í ársreikningnum varðandi virðismat rekstrarfjármuna væru viðeigandi.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu HS Veitna hf., sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum sem við fengum fyrir áritunardag ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ef við komumst að því að það séu verulegar skekkjur í ársskýrslu þegar við lesum hana eftir áritunardag ber okkur skylda til að skýra frá því.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi HS Veitna hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árshlutareiknings, aðra staðfestingavinnu og reikningsskilaráðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni.

Deloitte var kjorið endurskoðandi HS Veitna hf. á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2020. Deloitte hefur verið endurskoðandi HS Veitna hf. síðan á aðalfundi félagsins ársins 2010.

Reykjanesbær, 19. febrúar 2021

**Deloitte ehf.**

*Anna Birgitta Geirfinnsdóttir*

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir  
endurskoðandi

*Kristján Þór Ragnarsson*

Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins á árinu 7.203 milljónum króna og nam heildarhagnaður ársins 564 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 30.592 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok er 14.466 milljónir króna og er eiginfjárlutfall félagsins 47,29%. Stöðugildi námu að meðaltali 96 á árinu 2020 samanborið við 95 árið 2019.

Mun ítarlegri gögn er varðar allan rekstur HS Veitna hf er að finna í árskýrslu HS Veitna sem gefin er út í kringum aðalfund og verður í framhaldinu aðgengileg á heimasíðu HS Veitna hf.

## Áhrif Covid19 á rekstur HS Veitna hf.

COVID19 heimsfaraldurinn hefur án efa haft áhrif á viðskiptavinum HS Veitna hf eins og aðra landsmenn. Óljóst er hver áhrif faraldsins muni hafa á rekstur HS Veitna til langs tíma en hingað til hefur faraldurinn haft óveruleg áhrif. HS Veitur munu halda áfram að fylgjast vel með framvindu mála næstu misseri og grípa inn í ef þurfa þykir. Það er mat stjórnar og stjórnenda að HS Veitur séu í vel stakk búin til að takast á við krefjandi aðstæður sem tengjast COVID19 hvort sem lítið er til þjónustu við viðskiptavinum og eða fjárhags og lausafjárstöðu.

HS Veitur hafa ekki nýtt sér úrræði stjórnvalda varðandi þátttöku í launakostnaði á uppsagnarfresti eða vegna minnkunar á starfshlutfalli og ekki heldur önnur úrræði til þess að létta undir með fyrirtækjum sem urðu fyrir skakkaföllum vegna málefna COVID19.

## Hlutafé og samþykktir

Hlutafé HS Veitna eru árið 2020 eru 853.100 hlutir

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 3 en þeir eru:

Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 49,8% hlut og Suðurnesjabær með 0,1% hlut.

Á árinu keypti HSV Eignarhaldsfélag slhf. 15,4178% hlut Hafnarfjarðarbæjar.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2021 en að keypt verði eigin bréf fyrir 500 milljónir króna eins og gert var á árinu 2020.

## Stjórnarhættir.

Stjórn HS Veitna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Góðir stjórnarhættir eru að mati stjórnar og stjórnenda undirstaða trausts og framþróunar og treysta þannig samband allra sem koma að félaginu. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Félagið leitast til að fylgja eftir leiðbeiningum um góða stjórnarhætti útgefnunum af viðskiptaráði Íslands. Kynjahlutföll stjórnar og varastjórnar í árslok 2020 eru jöfn, 7 konur og 7 karlar.

Til frekari upplýsinga er vísað í stjórnháttayfirlýsingu og ófjárhagslega upplýsingagjöf sem eru viðaukar við ársreikning félagsins.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.







Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 19. febrúar 2021


## Í stjórn



Guðbrandur Einarsson  
Formaður

  
Heiðar Guðjónsson  
Guðný Birna Guðmundsdóttir  
Kristinn Þór Jakobsson  
Margrét Sanders  
Ólafur Ingi Tómasson  
Sigríður Vala Halldórsdóttir

## Forstjóri

  
Júlíus Jónsson  
Forstjóri



## Yfirlit um heildarafkomu árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur .....		7.203.051	7.169.620
Kostnaðarverð sölu .....		(4.876.142)	(4.668.839)
<b>Vergur hagnaður</b>		<u>2.326.909</u>	<u>2.500.782</u>
Annar rekstrarkostnaður .....	7	(810.118)	(775.956)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>1.516.791</u>	<u>1.724.826</u>
Fjármunatekjur .....		58.114	151.507
Fjármagnsgjöld .....		(908.924)	(826.830)
Gengismunur .....		(8.652)	1.568
	10	<u>(859.462)</u>	<u>(673.756)</u>
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi</b>		657.329	1.051.071
Niðurfelling langtímaskuldar .....	22	0	833.284
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		657.329	1.884.355
Tekjuskattur .....	11	(93.771)	(292.032)
<b>Heildarhagnaður ársins</b>		<u><u>563.558</u></u>	<u><u>1.592.323</u></u>
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....	19	0,65	1,79
Grunnhagnaður án niðurfellingar langtímaskuldar .....			1,01
<b>Aðrar upplýsingar:</b>			
EBITDA .....		2.544.056	2.700.607

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	13	27.622.439	26.759.290
Óefnislegar eignir .....	14	608.451	686.072
Eignarhlutar í félögum .....		34.214	34.214
		<u>28.265.104</u>	<u>27.479.576</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	15	463.696	432.764
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	16	1.116.755	1.097.227
Handbært fé .....	17	746.356	1.845.111
		<u>2.326.806</u>	<u>3.375.102</u>
<b>Eignir</b>		<u>30.591.910</u>	<u>30.854.678</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	18	853.100	883.800
Lögbundinn varasjóður .....		213.275	220.950
Endurmatsreikningur .....		3.131.293	3.256.640
Óráðstafað eigið fé .....		10.268.509	10.041.228
		<u>14.466.177</u>	<u>14.402.618</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	20	11.570.319	11.816.693
Leiguskuldbindingar .....	21	313.710	315.509
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	23	658.515	738.522
Tekjuskattsskuldbinding .....	24	2.001.547	1.989.733
		<u>14.544.091</u>	<u>14.860.457</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	25	740.210	623.666
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	20	688.522	642.746
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....	21	1.765	1.641
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	11	81.939	265.141
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	23	69.207	58.407
		<u>1.581.643</u>	<u>1.591.602</u>
		<u>16.125.734</u>	<u>16.452.059</u>
		<u>30.591.910</u>	<u>30.854.678</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		1.516.791	1.724.826
Afskriftir .....	9	1.027.264	975.780
Söluhagnaður fastafjármuna .....		(9.179)	(61.639)
Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna .....	26	(643)	(4.801)
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og tekjuskatt</b>		<b>2.534.234</b>	<b>2.634.167</b>
Vörubirgðir, (hækkun) .....		(30.932)	(5.289)
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun) .....		(18.885)	(88.940)
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) .....		117.746	(160.565)
Fyrirframinnheimtar tekjur, (lækkun) .....		(69.207)	(69.207)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatt</b>		<b>2.532.956</b>	<b>2.310.165</b>
Innborgaðir vextir og arður .....		58.114	151.507
Greiddir vextir .....		(461.026)	(462.632)
Greiddir skattar .....		(265.159)	(112.804)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>1.864.884</b>	<b>1.886.237</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
	13,14		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		(1.786.404)	(2.448.044)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		(30.400)	(20.395)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....		13.190	72.037
		<b>(1.803.614)</b>	<b>(2.396.402)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....	20	(658.351)	(615.796)
Afborganir leigueigna .....		(1.675)	(1.558)
Lækkun hlutafjár .....		(500.000)	(500.000)
		<b>(1.160.026)</b>	<b>(1.117.354)</b>
Lækkun handbærs fjár .....		(1.098.755)	(1.627.519)
Handbært fé í upphafi árs .....		1.845.111	3.472.631
		<b>746.356</b>	<b>1.845.111</b>

## Yfirlit um eigið fé árið 2020

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2019 .....	915.900	228.975	3.388.291	8.777.129	13.310.295
Hagnaður ársins .....				1.592.323	1.592.324
Upplausn afskrifta af endurmati .....			(131.651)	131.651	0
Keypt eigin bréf .....	(32.100)	(8.025)		(459.875)	(500.000)
Eigið fé 31. desember 2019 .....	883.800	220.950	3.256.640	10.041.228	14.402.618
Eigið fé 1. janúar 2020 .....	883.800	220.950	3.256.640	10.041.228	14.402.618
Hagnaður ársins .....				563.558	563.558
Upplausn afskrifta af endurmati .....			(125.348)	125.348	0
Keypt eigin bréf .....	(30.700)	(7.675)		(461.625)	(500.000)
Eigið fé 31. desember 2020 .....	853.100	213.275	3.131.293	10.268.509	14.466.176

# Skýringar

---

## 1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Ársreikningur félagsins er í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð og framsetningu og innihald ársreikninga.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að rekstrarfjármunir eru metnir samkvæmt endurmatsaðferð. Nýr staðall IFRS 16 tók gildi 1.1.2019 en greint er frá áhrifum hans í skýringu nr. 5. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 13 - rekstrarfjármunir

### Erlendir gjaldmiðlar

#### Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjorsdegi, efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Áhrif gengisbreytinga eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Fjármálagerningar

Til fjáreigna og fjárskulda teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður hluti af gangvirði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem hér greinir.

## 3. Reikningskilaaðferðir

### Fjármálagerningar (framhald)

#### *Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir félagsins sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

#### *Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Eignarhlutar í öðrum félögum þar sem félagið hefur ekki yfirlit eða veruleg áhrif eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Einnig er heimilt að meta slíkar fjárfestingar sem ekki eru veltufjáreignir eða óvísst gagnjald í yfirtöku í samræmi við IFRS 3 á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, og telst slíkk flokkun endanleg.

#### *Virðisrýrnun fjáreigna*

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi sem er breyting frá fyrri staðli IAS 39 sem aðeins gerði kröfu um að útlánatap yrði fært vegna liðinna atburða. Fjáreignir félagsins sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru viðskiptakröfur, aðrar kröfur (að undanskildum fyrirframgreiðslum og afdráttarsköttum) og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir félagið einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að félagið meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafanna. Viðskiptakröfum félagsins er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu félagsins, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu 16.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Félagið færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

#### *Afskráning fjáreigna*

Félagið afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

#### *Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

### Hlutafé

#### *Almennt blutafé*

Kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé.

# Skýringar

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Varanlegir rekstrarfjármunir

#### Færsla og mat

Rekstrarfjármunir félagsins eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tekjubúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettur úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Í samræmi við heimildir IFRS eru rekstrarfjármunir félagsins færðir samkvæmt endurmatsaðferð. Rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði, sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignar var aflað. Endurmatið er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna. Breytingar á endurmati eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattssáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé. Nánar er fjalla um framkvæmd endurmats í skýringu 13.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

#### Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rafveitukerfi .....	50 ár
Rafmagnsmælur .....	16 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi .....	50 ár
Hitaveitu- og vatnsmælur .....	12 ár
Skjámyndakerfi .....	10 ár
Aðrir rekstrarfjármunir .....	5 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

#### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

#### Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta óefnislegra eigna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Nýtingarréttur .....	35 ár
Hugbúnaður .....	5 ár

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsteggi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

### Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsteggi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi nema eignin sé færð samkvæmt endurmatsaðferð. Heimilt er að bakfæra virðisrýrnun á síðari stigum, en þó aldrei umfram bókfært verð viðkomandi eignar (eða sjóðskapandi einingar) hefði virðisrýrnun ekki verið færð.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

### Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti og þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

### Tekjur

Tekjuskráning félagsins endurspeglar það gagngjald sem félagið væntir að fá vegna sölu á vöru og þjónustu til viðskiptavinar. Félagið skráir tekjur þegar yfirráð yfir seldri vöru eða þjónustu flytjast yfir til viðskiptavinar.

### Dreifing á rafmagni

Tekjur af raforkudreifingu eru samkvæmt gjaldskrá. Tekjur af raforkudreifingu eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin eru út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra dreifikerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu.

### Sala og dreifing á heitu vatni

Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Leiga fyrir mæli eða hemil er greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af heimæðargjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu.

### Sala og dreifing á köldu vatni

Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af fermetrafjölda húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Í Vestmannaeyjum tekur vatnsgjald húsnæðis í flokkum B, C og 0, mið af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni tiltekinni atvinnustarfsemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu.



# Skýringar

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Tekjur (framhald)

#### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum, leigutekjum og öðrum tekjum. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og aðrar tekjur við afhendingu á vöru eða þjónustu.

#### Tekjurammi

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu, afskrift rekstrarfjármuna, rauntapi í dreifikerfi og arðsemi á fastafjármuni, fyrir vexti. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkudreifingu á dreifiveitusvæði félagsins.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af innlánnum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántöku og öðrum skammtúmaskuldum. Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman. Notast er við miðgengi Seðlabanka Íslands.

	2020	2019
EUR .....	156,1	135,83
USD .....	127,21	121,1

### Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningi annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

### Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

### Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti innan félagsins. Afkoma allra starfsþátta félagsins er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum þess er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Afkoma starfsþátta innifelur bæði tekjur og gjöld sem tengjast beint viðkomandi starfsþætti sem og tekjur og gjöld sem hægt er með skynsamlegum hætti að úthluta á starfsþætti. Ákveðnum liðum er ekki úthlutað á einstaka starfsþætti. Er þar einkum um að ræða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, tekjur og gjöld af eignarhlutum og tekjuskatt.

Fjárfestingar starfsþátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

# Skýringar

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur félagið hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Félagið skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði, þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding og nýtingarréttur af leigueign eru upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum auk breytilegra greiðslna vegna vísitölu, vænts hrakvirðis og kaupréttá leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir, og að frádrögnum leiguhvötum. Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Félagið endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueignir eru afskrifaðar á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar af leigueign felur í sér kauprétt á viðkomandi leigueign, þá er nýtingarrétturinn afskrifaður á líftíma leigueignarinnar. Nýtingarréttur vegna leigueignar er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings. Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti leigueignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

## 4. Stýring fjármálaeigar áhættu

### Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að stöðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í báðum skuldabréfaflokkum eru ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfananna fari eiginfjárlutfall undir 35%.

### Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 2020 er leyft WACC eftir skatta 5,28% (eigið fé 8,13% og lánsfé 2,95%). Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjuramma er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

## 5. Leigusamningar

Félagið hefur fært eignir og skuldir vegna leigusamninga um húsnæði, aðstöðu- og lóðarleigu í efnahagsreikning. Upplýsingar um nýtingarrétt vegna leigueigna og leiguskuldbindingu er að finna hér að neðan, en nánari lýsing á reikningshaldslegri meðferð leigusamninga er að finna í skýringu fyrir reikningsskilaaðferðir.

Leigueignir	Húsa- og aðstöðuleiga	Lóðar- leiga	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	232.828	79.292	312.120
Afskriftir .....	(5.353)	(1.558)	(6.911)
Staða 31.12.2020 .....	<u>227.475</u>	<u>77.734</u>	<u>305.209</u>

### Upphæðir færðar í rekstrarreikning

Afskriftir af nýtingarrétti .....	6.911
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu .....	18.288
Samtals gjaldfært á árinu .....	<u>25.239</u>

# Skýringar

## 6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

Árið 2020	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	3.888.412	2.372.800	684.846	256.993	7.203.051
Rekstrargjöld .....	3.081.952	1.830.039	520.743	253.525	5.686.260
Rekstrarafkoma .....	806.459	542.762	164.102	3.468	1.516.791
EBITDA .....	1.406.035	819.163	310.253	8.605	2.544.056
Fjármagnsliðir .....					(859.462)
Tekjuskattur .....					(93.771)
Hagnaður ársins .....					563.558
Endurmat rekstrarfjármuna .....					0
Upplausn endurmats .....					0
Heildarhagnaður ársins .....					563.558
Eignir .....	17.336.793	7.349.503	3.448.213	96.382	28.230.890
Óskiptar eignir .....					2.361.020
Eignir samtals .....					30.591.910
Óskiptar skuldir .....					16.125.734
Fjárfestingar .....	1.485.073	222.613	107.179	1.938	1.816.803
Afskriftir .....	599.576	276.401	146.150	5.137	1.027.264
<b>Árið 2019</b>					
	<b>Raforku- dreifing</b>	<b>Heitt vatn sala og dreifing</b>	<b>Ferskt vatn sala og dreifing</b>	<b>Annað</b>	<b>Samtals</b>
Rekstrartekjur samtals .....	3.919.164	2.243.147	743.554	263.754	7.169.620
Rekstrargjöld .....	2.565.426	1.527.667	345.964	172.453	4.611.510
Rekstrarafkoma .....	855.883	551.092	285.453	32.398	1.724.826
EBITDA .....	1.406.241	816.920	440.058	37.388	2.700.607
Niðurfelld langtímaskuld .....	497.856	164.388	112.137	58.904	833.284
Fjármagnsliðir .....					(673.756)
Tekjuskattur .....					(292.032)
Heildarhagnaður ársins .....					1.592.323
Eignir .....	16.469.781	7.397.824	3.478.482	99.275	27.445.362
Óskiptar eignir .....					3.409.316
Eignir samtals .....					30.854.678
Óskiptar skuldir .....					16.452.059
Fjárfestingar .....	1.984.832	339.030	93.621	50.956	2.468.439
Afskriftir .....	550.358	265.828	154.605	4.990	975.780

# Skýringar

## 7. Annar rekstrarkostnaður

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld .....	443.846	417.361
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	235.235	235.922
Afskriftir sameiginlegar .....	131.037	122.672
	<u>810.118</u>	<u>775.956</u>

## 8. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2020	2019
Laun .....	1.029.085	969.034
Hækkun langtímaskulda (lífeyrisskuldbinding) .....	0	(833.284)
Lífeyrissjóður .....	140.917	133.524
Önnur launatengd gjöld .....	118.610	119.933
Annar starfsmannakostnaður .....	37.269	50.155
	<u>1.325.881</u>	<u>439.361</u>

Stöðugildi að meðaltali ..... 96 95

Laun stjórnar og framkvæmdastjórnar ..... 139.768 117.854

\* fjölgaði í framkvæmdastjórn úr 4 í 5

## 9. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, skýring 13 .....	919.244	828.691
Afskriftir óefnislegra eigna, skýring 14 .....	108.020	99.086
	<u>1.027.264</u>	<u>927.778</u>

Afskriftir skiptast þannig í yfirliti um heildarafkomu:

Kostnaðarverð sölu .....	896.228	805.105
Annar rekstrarkostnaður .....	131.037	122.672
	<u>1.027.264</u>	<u>927.778</u>

## 10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2020	2019
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	35.746	121.364
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	21.142	28.843
Arður af hlutabréfaeign .....	1.225	1.225
Aðrar vaxtatekjur .....	(0)	74
	<u>58.114</u>	<u>151.507</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af langtímalánum .....	(453.386)	(467.115)
Verðbætur langtímalána .....	(434.845)	(340.236)
Vaxtagjöld af leigusamningum .....	(18.328)	(17.115)
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum .....	(242)	(416)
Annar fjármagnskostnaður .....	(2.124)	(1.949)
	<u>(908.924)</u>	<u>(826.830)</u>

Gengismunur fjáreigna og fjárskulda greinist þannig:

Gengismunur .....	(8.652)	1.568
	<u>(8.652)</u>	<u>1.568</u>
	<u>(859.462)</u>	<u>(673.756)</u>

# Skýringar

## 11. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í yfirliti um heildarafkomu 94 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020 nemur 82 milljónum króna.

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2020		2019	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður af reglulegri starfsemi .....	657.329		1.051.071	
Skatthlutfall .....	(131.466)	20,0%	(210.214)	20,0%
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu .....	37.454	5,7%	62.170	5,9%
Niðurfelld langtímaskuld .....	0	0,0%	(144.229)	-13,7%
Fenginn arður .....	245	0,0%	245	0,0%
Aðrir liðir .....	(4)	0,0%	(4)	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>(93.771)</u>	-14,3%	<u>(292.032)</u>	-27,8%

## 12. Arður

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2021 en að keypt verði eigin bréf fyrir 500 milljónir króna eins og gert var á árinu 2020 og hlutafé verði lækkað samhliða. Enginn arður var greiddur á árinu 2020.

## 13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Rafveitu- kerfi	Hitaveitu- kerfi	Ferskvatns- kerfi	Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	Samtals
<b>Endurmetið stofnverð</b>					
Staða 1.1.2020 .....	19.074.590	8.480.811	3.744.610	1.919.766	33.219.778
Eignfært á árinu .....	1.029.596	175.510	90.204	491.093	1.786.404
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	0	(13.190)	(13.190)
Staða 31.12.2020 .....	<u>20.104.186</u>	<u>8.656.322</u>	<u>3.834.814</u>	<u>2.397.670</u>	<u>34.992.992</u>
<b>Afskriftir</b>					
Afskriftir 1.1.2020 .....	3.678.432	1.315.780	859.897	606.380	6.460.488
Afskrift ársins .....	482.236	236.956	102.008	98.045	919.244
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	0	(9.179)	(9.179)
Afskriftir 31.12.2020 .....	<u>4.160.668</u>	<u>1.552.736</u>	<u>961.904</u>	<u>695.245</u>	<u>7.370.553</u>
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð 1.1.2020 .....	15.396.158	7.165.032	2.884.714	1.313.387	26.759.290
Bókfært verð 31.12.2020 .....	<u>15.943.518</u>	<u>7.103.586</u>	<u>2.872.910</u>	<u>1.702.425</u>	<u>27.622.439</u>
Afskriftarhlutföll .....	2%	2%	2%	5-20%	
<b>Bókfært verð án endurmats</b>					
	Rafveitu- kerfi	Hitaveitu- kerfi	Ferskvatns- kerfi	Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	Samtals
31.12.2020 .....	15.614.691	5.026.702	1.818.843	1.522.715	23.982.951

# Skýringar

## 13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

	Rafveitu- kerfi	Hitaveitu- kerfi	Ferskvatns- kerfi	Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	Samtals
<b>Endurmetið stofnverð</b>					
Staða 1.1.2019 .....	17.071.809	8.152.020	3.660.242	1.624.254	30.508.324
Áhrif IFRS 16 .....	267.955	3.810	8.887	38.057	318.709
Eignfært á árinu .....	1.770.194	331.531	81.467	264.852	2.448.044
Selt og aflagt á árinu .....	(35.368)	(6.549)	(5.985)	(7.396)	(55.299)
Staða 31.12.2019 .....	19.074.590	8.480.811	3.744.610	1.919.766	33.219.778
<b>Afskriftir</b>					
Afskriftir 1.1.2019 .....	3.255.717	1.090.787	756.964	529.833	5.633.302
Afskrift ársins .....	451.527	231.141	108.319	81.100	872.087
Selt og aflagt á árinu .....	(28.812)	(6.148)	(5.387)	(4.554)	(44.901)
Afskriftir 31.12.2019 .....	3.678.432	1.315.780	859.897	606.380	6.460.488
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð 1.1.2019 .....	13.816.092	7.061.232	2.903.277	1.094.421	24.875.022
Bókfært verð 31.12.2019 .....	15.396.158	7.165.032	2.884.714	1.313.387	26.759.290
Afskriftarhlutföll .....	2%	2%	2%	5-20%	
<b>Bókfært verð án endurmats</b>					
	Rafveitu- kerfi	Hitaveitu- kerfi	Ferskvatns- kerfi	Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	Samtals
31.12.2019 .....	14.783.915	4.994.628	1.742.997	1.140.342	22.661.882

### Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 2.754 milljónum króna í árslok 2020 (2019: 2.728 milljónir króna) Váttryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 50.981 milljónir króna í árslok 2020 þar af 41.155 milljónir króna í viðlagatryggingum (2019: 52.630 milljónir króna þar af 36.376 milljónir króna í viðlagatryggingum).

### Endurmat rekstrarfjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt endurmatsaðferð í samræmi við heimildir í alþjóðlegum reikningsskilastaðli. Félagið endurmat rekstrarfjármuni í árslok 2017 og nam endurmatið 4.100 milljónum króna. Árlega eru forsendur matsins yfirfarnar og er það mat stjórnenda að ekki sé þörf á breytingu á virði varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2020 og skýrt að ekki er þörf á niðurfærslu eigna.

Matið byggir á áætluðu fjárstreymi félagsins sem byggir á rauntölum ársins 2020 og 5 ára rekstraráætlun félagsins. Fjárstreymisgreining er framkvæmd á hverja og eina sjóðsskapandi einingu, þ.e. rafveitu, hitaveitu og ferskvatn. Vextir hafa lækkað verulega á árinu sem hefur áhrif til hækkunar eigna en á móti kemur að WACC sem hefur áhrif á tekjur í framtíðinni lækkar þannig að þessi lækkun vaxta leiðir til lægri tekna í framtíðinni. Að öllu samanlögðu er því ekki talin þörf á breytingu. Ávöxtunarkrafa heildarfjármagns eftir tekjuskatt var að meðaltali 6,62% fyrir allar sjóðsskapandi einingar. Við útreikning á ávöxtunarkröfu var stuðst við ávöxtunarkröfu sambærilegra félaga og miðað er við 45% skuldsetningu á markaðsvöxtunum 6,25%.

Útreikningar voru framkvæmdir af starfsmönnum fjármálasviðs HS Veitna hf.

### Veðsetning eigna

Engar eignir eru veðsettar í árslok 2020.

# Skýringar

## 14. Óefnislegar eignir

	Hugbúnaður	Nýtingar- réttur	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða 1.1.2020 .....	499.425	579.070	1.078.495
Eignfært á árinu .....	30.400	0	30.400
Staða 31.12.2020 .....	529.824	579.070	1.108.895
<b>Afskriftir</b>			
Afskriftir 1.1.2020 .....	210.813	181.610	392.423
Afskrift ársins .....	91.514	16.506	108.020
Afskriftir 31.12.2020 .....	302.327	198.116	500.444
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð 1.1.2020 .....	288.612	397.460	686.072
Bókfært verð 31.12.2020 .....	227.497	380.954	608.451
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða 1.1.2019 .....	479.030	579.070	1.058.100
Eignfært á árinu .....	20.395	0	20.395
Staða 31.12.2019 .....	499.425	579.070	1.078.495
<b>Afskriftir</b>			
Afskriftir 1.1.2019 .....	123.626	165.104	288.730
Afskrift ársins .....	87.187	16.506	103.693
Afskriftir 31.12.2019 .....	210.813	181.610	392.423
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð 1.1.2019 .....	355.404	413.966	769.370
Bókfært verð 31.12.2019 .....	288.612	397.460	686.072
Afskriftarhlutföll .....	20%	2,86%	

Félagið hefur eignfært nýtingarrétt vegna samnings sem gerður hefur verið við Vestmannaeyjabæ um nýtingu neðansjárleiðslu til flutnings ferskvatns til dreifingar í Vestmannaeyjum. Samningurinn tók gildi 2008 og er til 35 ára.

## 15. Vörubirgðir

	31.12.2020	31.12.2019
Vöru- og efnisbirgðir .....	463.696	441.764
Niðurfærsla vörubirgða .....	0	(9.000)
	463.696	432.764
Breytingar á niðurfærslu vörubirgða greinist þannig:		
	31.12.2020	31.12.2019
Staða í ársbyrjun .....	(9.000)	(18.000)
Breyting varúðarniðurfærslu.....	3.079	8.593
Afskrifaðar vörubirgðir á árinu.....	5.921	407
Staða í árslok .....	0	(9.000)

Niðurfærsla birgða var færð niður í 0 á árinu, tekið er á þessum lið með virkari birgðastýringu þar sem vörum er fargað út af lager þegar þær úreldast eða nýtast ekki lengur. Vörum fyrir 6 milljónir króna var fargað með þeim hætti á árinu.

# Skýringar

## 16. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

### Viðskiptakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptakröfur .....	1.124.509	1.080.508
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna .....	(18.260)	(18.903)
Aðrar skammtímakröfur .....	10.506	35.622
	<u>1.116.755</u>	<u>1.097.227</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Staða í ársbyrjun .....	(18.903)	(23.704)
Breyting varúðarniðurfærslu.....	(18.495)	(8.775)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu.....	19.137	13.576
Staða í árslok .....	<u>(18.260)</u>	<u>(18.903)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára og núverandi efnahagshorfum. Nánari lýsingu á mati á niðurfærslu viðskiptakrafna er að finna í skýringu 26 undir umfjöllun um lánsáhættu.

## 17. Handbært fé

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóðum og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2020	31.12.2019
Sjóður .....	110	110
Bankainnstæður í íslenskum krónum og lausafjár sjóðir .....	746.245	1.845.000
Bankainnstæður í erlendum gjaldmiðlum .....	1	1
	<u>746.356</u>	<u>1.845.111</u>

## 18. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok .....	853.100	100%	883.800
	<u>853.100</u>	<u>100%</u>	<u>883.800</u>

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 853,1 milljónir króna í árslok og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hlutfé var lækkað á árinu um 30,7 milljónir króna að nafnverði í kjölfar kaupa á eigin bréfum. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

## 19. Hagnaður á hlut

Grunn- og þynntur hagnaður á hlut greinist þannig:

	2020	2019
Hagnaður ársins .....	563.558	1.592.323
Hagnaður ársins án niðurfellingar langtímaskuldar .....	563.558	903.268
Vegið meðaltal útistandandi hluta .....	863.585	891.363
Grunn- og þynntur hagnaður á hlut .....	0,65	1,79
Grunn- og þynntur hagnaður á hlut án niðurfellingar langtímaskuldar .....	0,65	1,01



# Skýringar

## 20. Vaxtaberandi skuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2020	31.12.2019
Vaxtaberandi skuldir .....	12.258.841	12.459.440
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	12.258.841	12.459.440
	(688.522)	(642.746)
Langtímaskuldir í árslok .....	11.570.319	11.816.693

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.12.2020	31.12.2019
Árið 2021 / 2020 .....	688.522	642.746
Árið 2022 / 2021 .....	712.696	626.025
Árið 2023 / 2022 .....	737.728	647.996
Árið 2024 / 2023 .....	763.649	670.747
Árið 2025 / 2024 .....	790.492	694.306
Árin 2025 - 2038 .....	8.739.308	9.687.581
	12.432.395	12.969.401

Breyting vaxtaberandi skulda á árinu greinist þannig:

	2020	2019
Vaxtaberandi skuldir 1. janúar .....	12.655.901	12.931.461
Aföll 1. janúar .....	(196.461)	(220.059)
Afborganir .....	(658.351)	(615.796)
Verðbætur .....	434.845	340.236
Tekjufærð afföll .....	22.906	23.597
Vaxtaberandi skuldir 31. desember .....	12.258.841	12.459.440

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2020	31.12.2019
Óveðtrygð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum.....	3,41%	3,42%

Aföll vaxtaberandi skulda nema um 174 milljónum króna í árslok 2020 (2019: 196 milljónir króna) og eru færð til lækkunar bókfærðu virði og gjaldfærð yfir líftímann.

Lánasamningar félagsins innihalda m.a. skilmála um fjárhagslegan styrk og uppfyllir félagið alla gildandi skilmála í árslok 2020.

# Skýringar

## 21. Leiguskuldbindingar

	Leiguskuldbindingar	
	31.12.2020	31.12.2019
Leiguskuldbindingar .....	315.476	317.151
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....	315.476	317.151
	(1.765)	(1.641)
Langtímaskuldir í árslok .....	313.710	315.509
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	31.12.2020	31.12.2019
Árið 2020 .....	1.765	1.641
Árið 2021 .....	1.860	1.730
Árið 2022 .....	1.960	1.823
Árið 2023 .....	2.065	1.920
Árið 2024 .....	2.176	2.024
Afborganir síðar .....	305.650	308.013
	315.476	317.151

## 22. Aðrar langtímaskuldir

Í ársbyrjun 2019 var bókfærð skuld við HS Orku hf. 833 milljónir króna. Með dómi Hæstaréttar féll sú skuld niður og þar sem fjárhæðirnar höfðu árlega verið gjaldfærðar þá færðist fjárhæðirnar einnig til lækkunar kostnaðar á við niðurfellingu lífeyrisskuldbindinganna.

Við uppskiptin 2009 voru 25 starfsmenn sem störfuðu fyrir HS Veitur hf. og voru enn að bæta við sig réttindum í B-deildum lífeyrissjóða sem HS Orka hf. bar síðan ábyrgð á. Í dag eru þessir starfsmenn 6 og fer fækkandi. Þennan kostnað eiga HS Veitur hf. að greiða og greiddu upp í hann á árunum 2009 – 2015 með álagi á laun og síðan mánaðarlegru fjárhæð á árinu 2015. Í kjölfar dómsins þarf að gera uppgjör þar sem annarsvegar kemur fram allur kostnaður sem fallið hefur á HS Orku hf. vegna þessara starfsmanna og hinsvegar þær greiðslur sem HS Veitur hf. hafa innt af hendi vegna þessa kostnaðar. Vinna við þetta uppgjör stendur yfir í samstarfi við viðkomandi lífeyrissjóði.

# Skýringar

## 23. Fyrirframinnheimtar tekjur

Staða 1.1.2019 .....	866.136
Tekjufært 2019 .....	(69.207)
Staða 1.1.2020 .....	796.929
Tekjufært 2020 .....	(69.207)
Staða 31.12.2020 .....	727.722

Áætlað er að fyrirframinnheimtar tekjur dreifigjalda verði tekjufærðar jafnt yfir 13 ára samningstíman frá árinu 2018

## 24. Tekjuskattsskuldbinding

	(Inneign)/ skuldbinding
Staða 1.1.2019 .....	1.962.842
Breytingar færðar í rekstrarreikning .....	26.891
Staða 1.1.2020 .....	1.989.733
Breytingar færðar í rekstrarreikning .....	11.814
Staða 31.12.2020 .....	2.001.547

Tekjuskattsskuldbinding/(-inneign) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	1.920.724	1.904.699
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	68.474	76.482
Veltufjáreignir .....	12.349	8.552
	2.001.547	1.989.733

## 25. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptaskuldir .....	494.244	426.312
Erlendar viðskiptaskuldir .....	2.126	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	144.476	129.492
Aðrar skammtímaskuldir .....	99.363	67.862
	740.210	623.666

## 26. Fjármálagerningar

### Lánsáhætta

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	1.116.755	1.097.227
Handbært fé .....	746.356	1.845.111
	1.863.111	2.942.338

Mesta mögulega tapsáhætta vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, án varúðarniðurfærslu .....	1.135.015	1.116.130
Handbært fé .....	746.356	1.845.111
	1.881.371	2.961.241

# Skýringar

## 26. Fjármálagæringar (framhald)

### Virðisrýmun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarandi:

Félagið metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldurflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda félagsins að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Félagið álitur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar félagsins sér eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluerfiðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga frammyfir gjalddaga.

Taflan sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldurflokkum viðskiptakrafna.

	Vænt tap %	31.12.2020		31.12.2019	
		Brúttó	Niðurfærsla	Brúttó	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur .....	0%	700.641	1.053	889.067	0
0-30 daga .....	1%	301.693	3.953	108.145	2.826
31-60 daga .....	6%	20.654	1.264	19.663	1.367
61-90 daga .....	10%	5.325	723	8.575	990
91 daga og eldra .....	12%	96.197	11.267	55.057	13.720
		<u>1.124.509</u>	<u>18.260</u>	<u>1.080.508</u>	<u>18.903</u>

### Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er áhætta á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náninni framtíð. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með talið væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

### Skuldir 31.12.2020

	Til greiðslu árið 2021	Til greiðslu árin 2022-2023	Til greiðslu árin 2024-2026	Eftir árið 2026
Óvaxtaberandi .....	822.149	0	0	0
Með föstum vöxtum .....	<u>1.106.866</u>	<u>2.213.732</u>	<u>3.320.598</u>	<u>9.202.704</u>
	1.929.015	2.213.732	3.320.598	9.202.704

### Lausafjánhætta

### Skuldir 31.12.2019

	Til greiðslu árið 2020	Til greiðslu árin 2021-2022	Til greiðslu árin 2023-2025	Eftir árið 2025
Óvaxtaberandi .....	888.807	0	0	0
Með föstum vöxtum .....	<u>1.069.540</u>	<u>2.139.080</u>	<u>3.208.621</u>	<u>9.909.493</u>
	1.958.347	2.139.080	3.208.621	9.909.493

# Skýringar

## 26. Fjármálagerningar (framhald)

### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins eru einvörðungu í íslenskum krónum sem og tekjur þess og gjöld.

### Vaxtaáhætta og verðbótaáhætta

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

	2020	2019
<b>Fjármálagerningar með föstum vöxtum</b>		
Verðtryggðar fjárskuldir .....	12.258.841	12.459.440

### Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar félagsins með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörssdegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins. Óveruleg vaxtaáhætta er til staðar.

### Næmnigreining vegna verðbóta

Ef verðlag hefði verið 1% hærra á uppgjörssdegi hefði afkoma ársins eftir tekjuskatt hækkað (lækkað) um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2019.

	2020	2019
Verðtryggðar fjárskuldir .....	(98.071)	(99.676)

Lækkun verðlags um 1% hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

### Gangvirði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	2020		2019	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir .....	12.258.841	12.119.452	12.459.440	12.397.746

# Skýringar

## 26. Fjármálagæringar (framhald)

### Flokkar fjármálagæringa

Fjáreignir og fjárskuldir skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagæringa í árslok 2020 samkvæmt IFRS 9:

Fjáreignir	Fjáreignir á afskrifðu kostnaðarverði	Fjárskuldir á afskrifðu kostnaðarverði	Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
Handbært fé .....	746.356	0	0	746.356
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	1.116.755	0	0	1.116.755
Eignarhlutar í félögum .....	0	0	34.214	34.214
	1.863.111	0	34.214	1.897.325
<b>Fjárskuldir</b>				
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir .....	0	12.258.841	0	12.258.841
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	0	740.210	0	740.210
	0	12.999.050	0	12.999.050

## 27. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar um laun stjórnar og framkvæmdastjórnar koma fram í skýringu nr. 8.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2020:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Reykjanesbær, hluthafi .....	20.537	146.321	28.609	(10)
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	18.678	106.053	19.259	3.314
	39.216	252.374	47.868	3.304
Viðskipti við tengd félög árið 2019:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Reykjanesbær, hluthafi .....	770	177.909	20.626	0
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	3.382	106.860	13.793	0
	4.152	284.769	34.419	0

## 28. Önnur mál

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur án efa haft áhrif á viðskiptavinum HS Veitna hf eins og aðra landsmenn. Óljóst er hver áhrif faraldsins muni hafa á rekstur HS Veitna til langs tíma en á ársinu hefur faraldurinn haft óveruleg áhrif. HS Veitur munu fylgjast vel með framvindu mála næstu misseri og grípa inn í ef þurfa þykir. Það er mat stjórnar og stjórnenda að HS Veitur hf séu vel í stakk búin til að takast á við krefjandi aðstæður sem tengjast COVID-19 hvort sem lítið er til þjónustu við viðskiptavinum og eða fjárhags og lausafjárstöðu.

## 29. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var staðfestur á stjórnarfundum þann 19. febrúar 2021.

# Viðauki 1: Stjórnháttayfirlýsing

## Stjórn og stjórnarhættir

Með yfirlýsingu þessari um stjórnarhætti HS Veitna hf. er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, með það að markmið að styrkja innviði HS Veitna hf. og auka gagnsæi.

## Lög og reglur

Stjórnarhættir HS Veitna hf. taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, raforkulög nr. 65/2003, lögum um ársreikninga nr. 3/2006, og Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útgáfa) sem finna má á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, [www.vi.is](http://www.vi.is), gefnum út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og undirnefnda stjórnar. Löggin má nálgast á vef Alþingis, [www.althingi.is](http://www.althingi.is), en samþykktir og reglur félagsins á vef HS Veitna hf. [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is)

## Stjórn HS Veitna hf.

Í stjórn HS Veitna hf. sitja 7 aðalmenn og 7 varamenn og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna og varamanna þeirra fer að lögum. Forstjóri situr stjórnarfundi ásamt sviðsstjóra fjármála. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila.

## Aðalmenn

Guðbrandur Einarsson, stjórnarformaður, bæjarfulltrúi, Reykjanesbæ  
Heiðar Guðjónsson, varaformaður stjórnar, fulltrúi HSV Eignarhaldsfélag slhf.  
Guðný Birna Guðmundsdóttir, ritari, bæjarfulltrúi, Reykjanesbæ  
Kristinn Þór Jakobsson, meðstjórnandi, fv. bæjarfulltrúi, Reykjanesbær  
Margrét Sanders, meðstjórnandi, bæjarfulltrúi, Reykjanesbæ.  
Ólafur Ingi Tómasson, meðstjórnandi, bæjarfulltrúi, Hafnarfirði  
Sigríður Vala Halldórsdóttir, meðstjórnandi, fulltrúi HSV Eignarhaldsfélags slhf

## Varamenn

Anna María Ágústsdóttir, fulltrúi HSV Eignarhaldsfélags slhf.  
Anna Karen Svövdóttir, Hafnarfjarðarbæ  
Baldur Þórir Guðmundsson, Reykjanesbæ  
Eva Stefánsdóttir, Reykjanesbæ  
Friðjón Einarsson, Reykjanesbæ  
Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Reykjanesbæ  
Ómar Tryggvason, fulltrúi HSV Eignarhaldsfélags slhf.

## Hlutverk stjórnar og forstjóra

Stjórn HS Veitna hf. fer samkvæmt samþykktum þess með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og annast um að skipulag félagsins og starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi. Stjórn félagsins annast um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins. Félagsstjórn ræður forstjóra að félaginu og ákveður starfskjör hans. Forstjóri er ábyrgur fyrir daglegri starfsemi félagsins og fylgir stefnu þess sem mótuð er af stjórn félagsins.

## Starfsreglur stjórnar

Stjórn HS Veitna hf. hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þeim er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, fundargerðir stjórnar, þagnar- og trúnaðarskyldu auk reglna um hæfi stjórnarmanna til þátttöku við afgreiðslu mála. Þar eru einnig að finna reglur um upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar. Stjórn HS Veitna hf. fær amk ársfjórðungslega skýrslu yfir framgang stærstu fjárfestingarverkefna félagsins hverju sinni. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um frávik frá kostnaðar- og tímaáætlunum sem og umfjöllun þar um. Skýrslan er kynnt endurskoðunarnefnd og er henni falið að veita umsögn um skýrsluna sem lögð skal fyrir samhliða skýrslunni sjálfri á stjórnarfundum félagsins.

# Viðauki 1: Stjórnháttayfirlýsing

## Stjórn og stjórnarhættir (frh.)

### Endurskoðunarnefnd

Í endurskoðunarnefnd HS Veitna hf. sitja þrjú nefndarmenn skipaðir af stjórn félagsins til eins árs í senn. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og bornar upp til staðfestingar í stjórn árlega. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnháttayfirlýsingu ár hvert. Endurskoðunarnefnd skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar árlega.

Við árslok 2020 var endurskoðunarnefnd HS Veitna hf. skipuð Heiðari Guðjónssyni, formanni nefndarinnar, Guðný Birnu Guðmundsdóttur og Ólafi Inga Tómassyni.

### Aðrar undirnefndir

Stjórn HS Veitna hf. fer með hlutverk starfskjaranefndar. Enginn stjórnarmaður er starfsmaður í félaginu.

Starfskjarastefna félagsins er aðgengileg á heimasíðu félagsins [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is).

Regluvörður, skipaður af stjórn, hefur umsón með að reglum um innherjaupplýsingar sé fylgt.

Stjórn hefur ekki talið þörf á að skipa tilnefningarnefnd.

Á árinu 2020 voru haldnir 10 stjórnarfundir og 3 fundir í endurskoðunarnefnd. Meiri hluti stjórnar og nefndar hefur mætt á alla fundi. Endurskoðunarnefnd boðar endurskoðendur félagsins á fundi þegar tilefni er til.

### Forstjóri HS Veitna hf.

Forstjóri HS Veitna hf. er Júlíus Jón Jónsson og hefur hann gegnt starfi forstjóra frá uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja í HS Orku hf. og HS Veitur hf en hafði gegnt stöðu forstjóra Hitaveitu Suðurnesja frá 1. júlí 1992 og hafði þá frá 1982 verið fjármálastjóri félagsins.

### Framkvæmdastjórn HS Veitna hf.

Forstjóri og framkvæmdastjóri mynda framkvæmdastjórn félagsins og ber hún ábyrgð á daglegum rekstri og fylgni við fjárhagsáætlun félagsins. Framkvæmdastjórn hittist einu sinni í viku. Við árslok 2020 voru framkvæmdastjórnar þessir:

Júlíus Jón Jónsson, forstjóri

Gunnlaugur Kárason, sviðsstjóri fjármálasviðs

Egill Sigmundsson, sviðsstjóri rafmagnssviðs

Svanur Árnason, sviðsstjóri vatnssviðs

Helga Jóhanna Oddsdóttir, sviðsstjóri rekstrarsviðs

### Reikningsskilafarlið

Til að tryggja að reikninghald félagsins séu í samræmi við lög og alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og viðunandi aðgreiningu starfa. Á hverjum stjórnarfundum er lögð fram skýrsla um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundum auk mánaðarlegra uppgjöra sem er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum í starfsemi félagsins. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn félagsins tryggji með stefnu sinni og verklagsreglum að félagið hafi skjalað innra eftirlit á þann hátt að innleiddar eftirlitsaðgerðir séu tengdar þeim áhættum sem þeim er áætlað að verja eða draga úr, auk þess að það beri með sér hvert markmið með eftirlitinu. Nefndin yfirfer með stjórnendum, og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring virki sem skyldi. Stjórn hefur sett reglu um lágmarkseiginfjárlutfall til að tryggja rekstraröryggi félagsins.

### Ársreikningur félagsins

Reikningsár HS Veitna hf. er almanaksárið. Ársreikningar félagsins fyrir árin 2008 til 2019 sem og árshlutareikningar 2009 til 2020 eru aðgengilegir á vefsíðu félagsins, [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is)



## Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

---

### Um HS Veitur hf.

Starfsemi HS Veitna hf. er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn. Starfsstöðvar félagsins eru á Suðurnesjum, Hafnarfirði, Árborg og Vestmannaeyjum. Félagið er að meirihluta í eigu opinberra aðila í samræmi við lög nr. 58/2008. Skuldabréf félagsins eru skráð í NASDAQ OMC Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu HSVE. Nánari upplýsingar um HS Veitur hf. má finna á heimasíðu félagsins, [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is)

### Umhverfismál

HS Veitur hf. hafa lengi lagt mikla áherslu á umhverfismál. Félagið er sprottið úr sverði grænnar orku og hefur áhersla verið lögð á dreifingu rafmagns og hitaveituvatns sem framleitt er úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Unnið er frumkvöðlastarf á sviði framleiðslu vistvænnar orku með varmadælustöð í Vestmannaeyjum, félagið hefur við endurnýjun bílafloata fyrirtækisins keypt bíla sem nota vistvæna orkugjafa, leitast er við að velja umhverfsvottaðar rekstrarvörur til nota á starfsstöðvum og við rekstur og viðhaldi eigna fyrirtækisins. Úrgangur sem verður til vegna starfsemi félagsins hefur verið flokkaður um árabíl auk þess sem unnið hefur verið að margvíslegum öryggis-, heilbrigðis-, og umhverfismálum til að auka við öryggi starfsmanna og verktafa félagsins. HS Veitur hafa síðastliðin 5 ár verið að skipta út eldri mælum sem mæla notkun á rafmagni og svo heitu vatni. En nýju mælarnir eru snjallmælar sem gera það að verkum að hægt er að sjá raunoktun. Þetta hefur gert það að verkum að sóun á heitu vatni hefur snarminnkað á Suðurnesjum. HS Veitur ítreka að heita vatnið er auðlind sem fara þarf vel með.

### Samfélagsmál

Samfélagsleg ábyrgð HS Veitna hf. skiptir félagið miklu máli. HS Veitur hf. afhenda tærustu afurðir þjódarinnar inn á hvert heimili og fyrirtæki á þjónustusvæði sínu sem endurspeglast í hugarfari og þjónustu fyrirtækisins. Þjónusta félagsins og samstarf við viðskiptavinum byggir á gagnkvæmum hagsmunum og er tekið tillit til velferðar og hagsmuna þeirra samfélaga sem eru á starfssvæði fyrirtækisins.

### Starfsmannamál

Markmið félagsins er að vera samkeppnishæft og geta ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi vöxt og velgengni félagsins. Markmið félagsins er að tryggja að vinnustaðurinn einkennist af fagþekkingu, verkkunnáttu, þjónustulund, starfsgleði, heiðarleika og gagnkvæmri virðingu. Möguleikar til að ná fram settum markmiðum byggjast fyrst og fremst á því að fyrirtækið hafi yfir að ráða hæfu, áhugasömu og vel menntuðu starfsfólki, sem getur axlað ábyrgð og sýnt frumkvæði í starfi, brugðist við sýbreytilegum þörfum og geti þannig tekið virkan þátt í framþróun fyrirtækisins. Einnig að félagið leggi metnað sinn í að hlúa vel að sínu starfsfólki til að viðhalda starfsánægju og góðum starfsanda.

### Mannréttindi

Það er stefna HS Veitna hf. að starfsmenn sýni samstarfsmönnum sínum og öðrum tilhlýðilega virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót sem viðheldur og endurspeglar góðan starfsanda. Ummæli, tjáning eða atferli starfsmanns gagnvart öðrum sem ógnar, truflar eða ögrar og veldur óþægindum verður ekki liðið. Starfsmenn skulu geta fyllsta trúnaðar um þau málefni sem þeir verða áskynja í starfi sínu varðandi starfsemi félagsins og viðskiptavini. Það er ennfremur stefna félagsins að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum óháð aldri, kyni, kynhneigð, þjóðerni, litarhætti, trú eða stjórnmálaskoðunum. Þetta á meðal annars við um rétt til starfa, aðstöðu, menntunar og kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

### Spillingar og mútumál

Í starfsreglum stjórnar er að finna reglur um vanhæfi. Er stjórnendum óheimilt að taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Stjórn og starfsmönnum ber að tilkynna um mögulega hagsmunaárekstra til regluvarðar eða næsta yfirmanns.

### Loftslagsmál

Félagið hefur það að markmiði að lámarka eftir bestu getu losun á gróðurhúsalofttegundum með því að draga sem mest úr innkaupum á kolefniseldsneyti. Félagið hefur frá árinu 2018 haldið utan um skráningu á losun koltvísýrings vegna eldsneytisbruna ( umfang 1 ). Á árinu 2020 var losun vegna ökutækja fyrirtækisins 142 tonn en losun vegna orkuframleiðslu 430 tonn. Við orkuframleiðsluna hefur verið skipt út MD olíu fyrir DMA olíu sem hefur lægri losunarstuðul.

## Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

---

### ISO 9001

Félagið hefur starfað eftir ISO 9001 gæðastjórnunarkerfinu síðan í byrjun árs 2019. Úttektir hafa verið framkvæmdar á gæðastjórnunarkerfinu af breska vottunarfélaginu BSI og hefur félagið staðist þær úttektir sem framkvæmdar hafa verið. Gæðaráðsfundir eru haldnir mánaðarlega og snertir gæðastjórnunarkerfið á öllum þáttum fyrirtækisins.

### Jafnlaunavottun

Félagið hófst við gerð jafnlaunavottunar í júní 2020 með það að markmiði að uppfylla skilyrði jafnlaunastaðalsins ÍST 85. Úttekt á jafnlaunavottuninni var framkvæmd í desember 2020 af vottunarstofunni iCert og var félagið vottað frávik- og athugasemdalaust en þó eru nokkur tækifæri til úrbóta greind. Jafnréttisstofa staðfesti vottunina í byrjun árs 2021